



Ábyrgð



Virðing

Vellíðan

Skólanámskrá Engidalsskóla Hluti III 3. bekkur greinasvið

Skólaárið 2025-2026

Efnisyfirlit

Íslenska	3
Stærðfræði	4
Náttúrugreinar.....	5
Samfélagsgreinar	6
Myndmennt.....	7
Heimilisfræði	8
Hönnun og smíði	9
Textílmennt	10
Tónmennt.....	11
Skólaíþróttir	12
Skólasund	14
Upplýsinga- og tæknimennt	15

Íslenska

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni.			
Lestur og Lesskilningur	- þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar. - beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða.	Lesið upphátt í skóla flesta daga. Yndislestur að morgni/frjáls lestur, 5 x í viku Nestislestur Innlögn Verkefnavinna Hópavinna Einstaklingsvinna Vinna í kennslubókum	Ýmsar kennslubækur Verkefni til að þjálfra ýmsa þætti íslenskunnar Lesfimi Rafræn verkefni Ýmis verkefni tengd Byrjendalæsi Ljósrit Bækur af bókasafni	Símat Lesferill – hraðlestrarpróf (skólagáttin í sept., jan. og maí Orðarún (2x yfir árið) Metið eftir hæfniviðmiðum og gefin umsögn í Mentor að vori
Bókmenntir	lesið einfalda texta frá fyrri tímum og sett sig í spor persóna og lesenda í fortíðinni.	Skapandi starf Samvinna Gagnvirk vinna á vef Vinna á spjaldtölvum Áhugasviðsvinna Útikennsla		
Ritun	- búið til málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar. - skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.			
Mál og málnotkun	- gert sér grein fyrir notagildi stafrófsins við leit og skipulag. - raðað í stafrófsröð - geti leikið sér með margræðni tungumálskins s.s. í gegnum orðtök, einfalda málshætti og föst orðasambönd.			

Stærðfræði

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Vinnulag stærðfræðinnar.	- nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum. - unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur.	Innlögn Verkefnavinna Hópavinna Einstaklingsvinna Vinna í kennslubókum Skapandi starf Samvinna Gagnvirk vinna á vef Vinna á spjaldtölvum Áhugasviðsvinna Útikennsla	Ýmsar kennslubækur Rafræn verkefni Ljósrit Ýmis verkefni frá kennurum	Próf að vori Símat (kaflapróf) Metið eftir hæfniviðmiðum og gefin umsögn í Mentor að vori
Tölur og reikningur	- nýtt sér námundun með heiltölum. - notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna. - notað grunnreikniaðgerðir til að finna lausnir á og takast á við verkefni daglegs lífs og fjármála og skilið verðgildi peninga.			
Algebra	notað rúðunet með höfuðáttum í rauntengdu samhengi, teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi.			
Tölfræði og líkindi	talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja.			
Rúmfræði og mælingar	rannsakað, gert tilraunir og teikningar á einfaldan hátt, t.d. með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.			

Náttúrugreinar

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Vinnulag náttúruvísinda	- lesið einfaldan náttúru-vísindatexta og endursagt helstu atriði með eigin orðum, skoðað einfaldar myndir og sagt frá efninu. - útskýrt hvernig ákveðin tæki og búnaður geta hjálpað manninum að afla upplýsinga og hafa áhrif á heiminn.	Innlögn Verkefnavinna Hópavinna Einstaklingsvinna í kennslubókum Skapandi starf Samvinna Gagnvirk vinna á vef á spjaldtölvum Áhugasviðsvinna Útikennsla Vettvangsferðir	Ýmsar kennslubækur Rafræn verkefni Heimildir af veraldarvefnum Ljósrit Bækur af bókasafni Dagblöð og tímarit	Símat Sjálfsmat Metið eftir hæfniviðmiðum og gefin umsögn í Mentor að vori
Umhverfið	- fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni. - tekið þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna.			
Lífið	- rætt um helstu einkenni lífvera og lífsskilyrði þeirra. - áttað sig á að lífverur hafa tekið breytingum frá upphafi lífs á jörðu.			
Efnin	þekkt dæmi um hættuleg efni á heimilinu.			
Orkan	- framkvæmt og fjallað um athuganir á sýnilegum bylgjum. - framkvæmt og fjallað um athuganir sem tengjast kröftum sem birtast í daglegu lífi.			
Alheimurinn	- gert grein fyrir ástæðum dægraskipta. - bent á hvernig tunglið tekur breytingum yfir mánuðinn. - fjallað um helstu hnetti í sólkerfinu. - gert sér grein fyrir að flestar stjörnur á himninum eru sólir í öðrum sólkerfum.			

Samfélagsgreinar

Lífsleikni og umferðarfræðsla

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Vinnulag samfélagsgreina	- aflað sér upplýsinga um samfélagið úr völdum textum, hljóð- og myndefni og sagt frá efninu. - tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.	Innlögn Verkefnavinna Hópavinna Einstaklingsvinna í kennslubókum Skapandi starf Samvinna Gagnvirk vinna á vef á spjaldtölvum Áhugasviðsvinna Útikennsla Vettvangsferðir	Ýmsar kennslubækur Rafræn verkefni Heimildir af veraldarvefnum Ljósrit Bækur af bókasafni Dagblöð og tímarit	Símat Sjálfsmat Metið eftir hæfniviðmiðum og gefin umsögn í Mentor að vori
Sjálfsmynd	- sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt. - fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.			
Siðferði og trú	sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.			
Borgaravitund	- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nær-samfélaginu. - áttað sig á mikilvægi samhjálpár í samfélaginu. - rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.			
Saga	- sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni. - komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga. - fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.			
Jörðin okkar	lýst því hvernig matvæli og föt verða til og hvar þau enda.			

Umferðarfræðsla	Að nemandi hafi: - áttað sig á mikilvægi öryggis í umferðinni - lært á helsta öryggisbúnað og átti sig á mikilvægi hans			Lokið/ólokið
------------------------	---	--	--	--------------

Myndmennt				
Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Sköpun	- geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum og tækni. - nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. - unnið út frá kveikju við eigin eigin listasköpun bæði tví- og þrívíðu formi.	Innlögn og kynning. Sýnikennsla. Jafningjafræðsla. Umræður. Tilraunir. Uppgötvunarnám.	Bækur/myndir af netinu sýnishorn fá fyrri nemendum. Blað, blýantur, máling, penslar, tré-og tússlitir og veggfóðurslím. Þá læra nemendur að nota ljósaborð.	Frammistaða og virkni í tímum er metin ásamt umgengni og hæfni til samvinnu.
Greining og úrvinnsla	- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - fjallað um eigin verk og annarra. - greint á einfaldan hátt listaverk og myndmál í því.			

Heimilisfræði

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Verklag	- útbúið einfaldar og hollar máltíðir með aðstoð. - notað einföld mæli- og eldhúsahöld. - sinnt viðeigandi frágangi. - gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.	Verkleg kennsla ásamt því að vinna verkefni í vinnubók. Sýnikennsla í upphafi kennslustunda. Ýmsar mælingar eru teknar fyrir í sambandi við uppskriftir. Farið er yfir dagsetningar og umbúðamerkingar um leið og vörur eru notaðar. Nemendur og kennari tala saman um hollustu, lífshætti, afurðir, menningu, líðan og fleira sem tengist heimilishaldi almennt.	Heimilisfræði 3, ýmis verkefni og efni af neti.	Námsmat fer eftir frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.
Lífshættir	- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti. - farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif. - valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan.			
Menning og umhverfi	- skilið einfaldar umbúðamerkingar. - tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald. - þekki þjóðlegan mat. - sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.			

Hönnun og smíði

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Verklag	• unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.	Innlögn frá kennara í byrjun lotu. Farið yfir reglur í stofu, öryggi og umgengni. Stuttar innlagnir og eða sýnikennsla í byrjun hvers tíma. Þá tekur við einstaklings- eða hópavinna þar sem kennari gengur á milli og aðstoðar eftir þörfum.	Smíðastofan. Verkfæri í smíðastofu. Öryggisbúnaður og gögn frá kennara.	Einstaklingsmiðað símat þar sem hver hlutur sem nemandi lýkur er metinn með sköpun, vinnusemi, þrautseigju, samstarf/sjálfstæði og hegðun að leiðarljósi.
Sköpun, hönnun og tækni	• dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar. • bent á ýmis tæknifyrbrigði er tengjast daglegu lífi.			
Menning og umhverfi	• valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.			

Textílmennt

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Verklag	• notað einfaldar aðferðir og beitt viðeigandi áhöldum. • unnið úr nokkrum gerðum textílefna. • beitt líkamanum rétt við vinnu sína.	Nemendum kennt að ganga frá og tileinka sér góða umgengni. Þjálfa nemendur í skapandi vefnaði unnið í blandaðan textíl og náttúruafurð s.s. trjágreinar. Þekki og kynnist hugtökum þeirra textíla sem notaðir eru. Saumavélin prófuð og saumaður beinn saumur, æfa sig að bakka. Læri að þekkja handverk eins og útsaum og vefnað.	Bækur, tímarit og fræðsla af interneti. Hugmyndir úr smíðju kennara. Ýmis áhöld og efni textílstofu.	Metið eftir hæfniviðmiðum í Mentor.
Sköpun, hönnun og tækni	• skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt. • notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.			
Menning og umhverfi	• fjallað um íslenskt hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. • greint nokkur einkenni íslensks handverks í textílvinnu.			

Tónmennt

Tónlist er leið til sköpunar og tjáningar. Í tónmennt fá nemendur að spila á ýmis hljóðfæri og fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir í gegnum tónlist, með hlustun, söng og samspili.

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Söngur og hljóðfæraleikur	leikið þrástef og einfaldar laglínur á skólahljóðfæri eða annað hljóðfæri í samspili.	Tónlist og hreyfing. Söngur. Hlustun. Sköpun. Spuni. Hljóðfæravinna. Skrifleg verkefni. Leikir.	Handbækur. Hljóðfærin í stofunni. Hlustunarefni. Verkefnablöð. Veraldarvefurinn.	Frammistaða og virkni í tímum. Frumkvæði og samvinna. Verkefni vetrarins.
Sköpun og skráning	- samið, einn eða í hópi, stutt lag eða hljóðverk. - notað tónlistarforrit til að semja stutt verk.			
Hlustun og greining	- greint og þekkt helstu hljóðfæraflokka og valin hljóðfæri innan hvers flokks. - myndað sér skoðun á tónlist sem hann heyrir.			

Skólaíþróttir

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Líkamsvitund, leikni og afkastageta	- gert hreyfingar sem styðja við samhæfingu hægri og vinstri. - gert æfingar sem reyna á þol í íþróttum. - gert æfingar sem styrkja hreyfifærni líkamans. - tekið þátt í boltaleikjum og sýnt boltafærni.	Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni: Sýnikennsla, endurtekningaræfingar, stöðvafjálfun, þrautaleikir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, hópleikir.	Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: Áhöld í íþróttasal Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, keilur, spilastokkur, mottur. Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, slár, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.	Hreyfifærniþróf: Kollhnís Sippa x 5 Hlaup milli keila 12m í 60 sek– búa til skala Öfug handstaða við vegg/rimla – halda stöðunni í 5 sek Grípa baunapoka x5 Rúlla bolta milli tveggja stanga með 40 sm bil á milli úr 2 m fjarlægð.
Félagslegir þættir	skilið mikilvægi leikreglna og farið eftir þeim.		Úti áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.	Vinnusemi - nemendur skilji mikilvægi góðrar ástundunar, góðrar framkomu, sjálfsaga,
Heilsa og heilsuefling.	- tekið þátt í skipulagðri útivist í náttúrunni og áttað sig á og varast hættur sem fylgt geta. - gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum eða æfingum.			
Öryggis- og skipulagsreglur	gert viðvart ef óhapp verður.			

				samvinnu og tillitsemi í tengslum við góðan árangur í íþróttum. Leikni - þekki ýmis hugtök sem notuð eru í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
--	--	--	--	---

Skólasund

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
sund	- synt 12 metra bringusund með eða án hjálpartækja. - synt 12 metra skólabaksund og baksund með eða án hjálpartækja. - gert æfingar sem reyna á loftfírt þol í 8 metra sundi. - synt 5 metra kafsund viðstöðulaust.	Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni: Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, samvinna.	Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru: Kútar, korkur, stungupallar, stökkbretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum (t.d. núðlur), kafhringir, gjarðir, boltar.	12m bringusund. 12m skólabaksund. 6m skriðsundsfótatök með eða án hjálpartækja. 6m baksundsfótatök með eða hjálpartækja. Hlutur sóttur á 1,5m dýpi Vinnusemi – nemendur skilji mikilvægi góðrar ástundunar, góðrar framkomu, sjálfsaga, samvinnu og vera virkur þátttakandi í sundtímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Upplýsinga og miðlalæsi	nýtt skólasafn sér til gagns og ánægju.	Hér er hægt að vera í samráði við bókasafnsfræðing. Hægt að nýta spjöldin og eins fartölvur. Námsforrit á mms.is. Ýmis þjálfunar- og kennsluforrit/öpp, s.s. Orðagull og Osmó.	Nám í upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öðrum námsgreinum s.s. íslensku og stærðfræði.	Námsmat tengist þeim námsgreinum sem unnið er með hverju sinni.
Sköpun og miðlun	- tekið ljósmyndir og stutt myndskreið. - nýtt tæki og hugbúnað við myndsköpun. - nýtt hugbúnað í einfalda hljóðvinnslu. - nýtt hugbúnað við einfalda netmiðlun.			
Stafræn borgaravitund	- gert sér grein fyrir mikilvægi þess að leita til fullorðinna ef hætta eða áreiti skapast á netinu. - þekkt hugtakið neteinelti og einfaldar reglur í samskiptum og myndbirtingum á netinu og þekkt leiðir til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.			
Lausnaleit	- nefnt dæmi um einfaldan stafrænan stuðning í námi. - þekkt ýmsan hugbúnað og tæki og nýtt þau til að leysa einfaldar þrautir.			